



Umhverfissráðuneytið  
hr. Logi Kjartansson  
Skuggasundi 1  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 04. febrúar 2008  
Tilvísun: 2008010081  
Bréfalykill: 50.15  
Verknúmer: 1083000

**Efni: Umsögn með sérstöku tilliti til vatnafars um kæru til umhverfissráðherra á ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna vatnsátöppunarverksmiðju að Hlíðarenda í Ölfusi**

Umhverfissráðuneytið hefur með símtali og tölvuskeytum dags. 25. janúar 2008 leitað eftir sérfræðiáliti Orkustofnunar á sviði vatnafars, í tilefni af kæru þeirra Björns Bogasonar og Ingibjargar Sigurðardóttur til umhverfissráðherra dags. 2. júní 2007 á ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 3. maí 2007 um hvort vinnsla grunnvatns og bygging vatnsátöppunarverksmiðju að Hlíðarenda í Sveitarfélaginu Ölfusi skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Orkustofnun hefur kynnt sér framsend gögn málsins frá umhverfissráðuneytinu og jafnframt aflað sér frekari gagna frá Skipulagsstofnun um nýlegar breytingar á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014. Einnig er tekið mið af fyrirliggjandi þekkingu um grunnvatnsstrauma á viðkomandi svæði og þeirri túlkun gagna sem fram kemur í skýrslum um niðurstöður grunnvatnslíkans af svæðinu, sem unnið hefur verið af Verkfræðistofunni Vatnaskilum m.a. fyrir Orkuveitu Reykjavíkur, en þær skýrslur hafa verið birtar almenningi.

Með breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014 á heimalandi Hlíðarenda, sem samþykkt var í bæjarstjórn Ölfuss 26. apríl 2007, afgreidd af Skipulagsstofnun 23. maí 2007 og staðfest af umhverfissráðherra 14. júní 2007, er vatnsvernd í flokki II (grannsvæði vatnsbóla) létt af um 100 ha svæði, án þess að tekið sé tillit til þess að fyrirliggjandi gögn benda sterklega til þess að sú ráðstöfun hafi - vegna almennrar rennslisstefnu grunnvatns á svæðinu - óhjákvæmilega áhrif á vatnsgæði á aðstreymissvæði vatnsbóla Þorlákshafnar þar suður af, sem ýmist njóta vatnsverndar í flokki II (grannsvæði) eða flokki I (brunnsvæði). Það er álit Orkustofnunar að í raun sé hér verið að aflétta vatnsvernd af miklu stærra svæði, og jafnvel að hafa áhrif á vatnsból Þorlákshafnar, sem bæði þjónar þeim byggðakjarna og er um leið í hópi bestu vatnsbóla á landinu sem njóta nándar við góða höfn með tilheyrandi útflutningsmöguleikum á neysluvatni. Í því sambandi getur hætta stafað af mengunarefnum frá rotþróum eða siturlögnum á iðnaðarsvæðinu og frá olíu og annarri mengun af völdum þungaflutninga að og frá verksmiðjunni, svo sem vegna umferðaróhappa. Samhliða hefur verið skilgreint nýtt um 10 ha brunnsvæði (flokkur I) í hlíðinni ofan Hlíðarenda, sem hefur ekkert grannsvæði (flokkur II) eða fjarsvæði (flokkur III) skilgreint á suðurhlíðinni, heldur liggur þar beint að iðnaðarsvæði. Það kanna að vera vegna vitneskju um að grunnvatnsstraumurinn liggi til suðurs, en þó er það óvenjulegt að verja ekki brunnsvæði með a.m.k. grannsvæði á allar hliðar. Rétt er að geta þess, að umrædd breyting á vatnsverndarsvæðum í aðalskipulagi hefur ekki verið send Orkustofnun til umsagnar á neinu stigi þess máls. Efnislega er vikið að afléttingu vatnsverndar í öðrum tölulíð í kærubréfi dags. 2. júní 2007 til umhverfissráðherra, og er tekur Orkustofnun undir þau sjónarmið sem þar koma fram.

Í fimmta tölulíð kærubréfsins til umhverfissráðherra er vikið að áhrifum af vinnslu

grunnvatns úr lindum á rennsli lækjar, sem allt lindarvatn við Hlíðarenda rennur í við núverandi aðstæður. Orkustofnun telur rökstuðning og sjónarmið kæranda í þessum tölulið kærunnar vera reistan á traustum faglegum grunni og getur því aðeins tekið undir þær ályktanir sem þar koma fram varðandi vatnafar og möguleg áhrif vatnstökunnar á stöðu grunnvatns og rennsli í læknum. Aðeins má bæta við einu atriði, sem bersýnilega þarfnast frekari athugunar, en það er möguleg áhrif af dælingu grunnvatns innan iðnaðarsvæðisins á grunnvatn innan verndarsvæða vegna vatnsverndar, sem þar eru umhverfis.

Það er álit Orkustofnunar á grundvelli framangreindra sjónarmiða að starfsemi vatnsátöppunarverksmiðju að Hlíðarenda í Ölfusi kunni að hafa umtalsverð áhrif á grunnvatn á svæðinu og því beri að meta umhverfisáhrif starfseminnar.

Af framkomnum gögnum málsins verður ekki séð að sótt hafi verið um nýtingarleyfi fyrir vatnsátöppunarverksmiðju að Hlíðarenda í Ölfusi til iðnaðarráðuneytisins, en það er álit Orkustofnunar að vatnsátöppunarverksmiðjan falli undir ákvæði 6. gr. laga nr. 57 frá 1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindindum í jörðu, þar sem slíkt leyfi er áskilið.



Kristinn Einarsson

Virðingarfyllst



Elín Smáradóttir

*Afrit sent til:*  
Iðnaðarráðuneytið